

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
55. fundur, haldinn að Lyngási 12, 14. febrúar 2013

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Þórhallur Þorsteinsson, Skúli Björn Gunnarsson og Jóhann F. Þórhallsson. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll en Björn Ingvarsson sat sem áheyrnarfulltrúi fyrir hann. Jafnframt sat fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Gestir fundar: Árni Óðinsson, Landsvirkjun og Guðrún Schmidt, Landgræðslunni.

Dagskrá:

1. **Dagskrá fundar og undirritun fundargerða**
2. **Hálslón og nágrenni - vöktun**
3. **Drög að atvinnustefnu fyrir Vatnajökulspjóðgarð**
4. **Staðan í stjórn varðandi Stjórnunar- og verndaráætlun**
5. **Næsti fundur**
6. **Önnur mál**

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.30.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerðir 53. og 54. fundar undirritaðar.

2. Hálslón og nágrenni - vöktun

Björn Ármann bauð gesti fundarins velkomna, Árna Óðinsson frá Landsvirkjun og Guðrúnu Schmidt frá Landgræðslunni. Árni kynnti áfangaskýrslu um jarðvegsrof í Kringilsárrana, sem og tvær aðrar skýrslur, um gróðurbreytingar og kortlagningu strandsvæða Háslóns.

Í skýrslunni um jarðvegsrofið er fyrst og fremst verið að kortleggja rofið og flokka það með mati á ástandinu í dag. Þannig er kominn grunnur fyrir vöktun á rofi á svæðinu en rofið hefur ekki verið kortlagt og metið áður. Þessi gögn verða nýtt við gerð aðgerðaáætlunar fyrir Kringilsárrana.

Í umræðum kom fram hjá svæðisráðsfólki að sambærileg kortlagning og vöktun gæti verið nauðsynleg vestan við Kringilsárranann en ekki bara innan Ranans.

Ljósmyndir sýndu einnig áfok af sandi við áfoksgirðingar nyrst í Rananum og sagði Árni að stöðugt væri verið að þróa aðferðir við að „þrifa“ upp sandinn til að hindra að geirar mynduðust.

Kortlagning á strandsvæðum Háslóns hefur verið á höndum verkfræðistofunnar Stuðla. Ítarlegt eftirlit er með öllum strandsvæðinu og greining frá ári til árs.

Í Kringilsárrana er fylgst með gróðurbreytingum með gróðurreitum sem valdir voru árið 2006 og fylgst er með reglulega. Þá eru notaðar gervitunglamyndir til að vakta gróðurinn og reikna út gróðurstuðul svæðisins sem gefur til kynna breytingar. Árið 2012 kom út skýrsla sem telja má fyrstu tilraun til að meta gróðurbreytingar sem orðið hafa í Kringilsárrana. Samkvæmt þeirri skýrslu er niðurstaðan að frá 2002 til 2010 virðist gróður almennt frekar vera í framför og engin örugg merki um afturför.

Í máli Árna kom fram að Landsvirkjun er að setja saman vöktunaráætlun um reglubundið eftirlit og einnig hvernig vaktað er þegar sérstakar ástæður koma upp eins og eftir miklar storma á hálendinu. Formaður gerði grein fyrir að það sem berst til Svæðisráð Austursvæðis sé fyrst og fremst athugasemdir vegna svifryks á öræfunum í kringum Snæfell, bæði frá gestum þjóðgarðsins og starfsmönnum.

Árni og Guðrún yfirgáfu fundinn um 17.30. Skúli Björn yfirgaf fundinn þá líka þar sem hann þurfti að keyra norður í land. Ruth tók þá við ritun fundargerðar.

3. Drög að atvinnustefnu fyrir Vatnajökulshjódgarð

Formaður vakti máls á framlögðum drögum að atvinnustefnu Vatnajökulshjódgarðs. Bent á mikilvægi þess að sjálfbærni hugtakið verði hluti að leiðarljósum atvinnustefnunnar. Svæðisráð leggur áherslu á að reglur um útvistun á þjónustu til einkaaðila verði skýrar. Rætt hvernig auka megi sýnileika þjóðgarðsins í samfélaginu, t.d. með veglegu upplýsingaskilti á Egilsstöðum um þjóðgarðinn og nálægðinni við hann hér í samfélaginu á Fljótsdalshéraði.

4. Staðan í stjórn varðandi Stjórnunar- og verndaráætlun

Formaður gerði grein fyrir stöðunni í vinnunni að endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar.

5. Næsti fundur

Næsti fundur er ákveðinn fimmtudaginn 21.mars kl. 16:30.

6. Önnur mál

- a. Skúli Björn spurði formann hvort að svæðisráði hefði ekki borist erindi frá vinnuhópi um endurskoðun stjórnfyrirkomulags Vatnajökulshjódgarðs. Formaður sagðist hafa fengið afrit af bréfinu sent persónulega en spurningalistinn hefði ekki verið stílaður á svæðisráð. Formaður kynnti innihald bréfs þessa dags. 28.janúar 2013 til Fljótsdalshéraðs frá starfshópi sem skipaður var til að endurskoða stjórnfyrirkomulag Vatnajökulshjódgarðs. Í bréfinu voru bornar fram þrjár spurningar. Nokkur umræða um fram lagðar spurningar og eftirfarandi bókað:

Hvernig finnst þér hafa tekist með stjórnun Vatnajökulshjódgarðs? Ráðsmenn almennt á því að svæðisráð hafi sýnt að þau geta vel axlað þá ábyrgð sem þeim hefur verið falin og æskilegt sé að svæðisráði sé falin meiri ábyrgð og stjórnun á sínu svæði með þjóðgarðsverði. Einnig rætt um mikilvægi núverandi stjórnfyrirkomulags til að tryggja að markmið þjóðgarðsins að styrkja byggð og atvinnustarfssemi í nágrenni hans náist.

Myndir þú vilja leggja til breytingar á núverandi fyrirkomulagi stjórnunar Vatnajökulshjódgarðs? Ef svo er, hverjar ættu þær að vera og af hverju? Framkvæmdastjórn garðsins ætti að vera staðsett í einu af nærsveitarfélögum þjóðgarðsins. Fljótsdalshérað ætti að koma inn í upptalningu í 16.grein laga um Vatnajökulshjódgarð nr. 60 frá 2007 sem staðsetning einnar af meginstarfstöðvum þjóðgarðsins.

Aðrar ábendingar til starfshópsins varðandi stjórnfyrirkomulag Vatnajökulshjódgarðs. Svæðisráð vísar til ofangreindra atriða.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19:00

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari 1

Jóhann Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir fundarritari 2

Þórhallur Þorsteinsson